

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
31. mars 2016	

Tilv.	_____

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7,
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. mars 2016
UST201512-139/E.D.K.
08.14.02

Staða frávika hjá GMR Endurvinnslu og eftirfylgni með innkominni úrbótaáætlun

GMR Endurvinnsla hf. hóf rekstur á Grundartanga árið 2013. Síðan þá hafa á þriðja tug frávika verið skráð í eftirliti með starfseminni, sbr. útgefnar eftirlitsskýrslur, og úrbætur hafa gengið hægt sbr. þau bréf um eftirfylgni sem Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila á undanförunum tveimur árum.

Umhverfisstofnun fór síðast í eftirlit til rekstraraðila þann 9. febrúar sl. Þar voru öll útistandandi frávik rædd og fjallaði rekstraraðili að einhverju leyti um úrbætur allra þeirra, en þau eru á þessum tímamarki átta talsins. Í eftirlitinu komu fram ýmsar áætlanir og vangaveltur frá rekstraraðila og ráðgjöfum hans um mögulegar úrbætur og var að lokum sammælt um að rekstraraðili myndi senda inn formlegar áætlanir og gögn innan viku frá eftirlitinu og þá væri hægt að taka stöðuna. Þær áætlanir hafa nú borist stofnuninni, sbr. tölvupóst dags. 2. mars sl., og hafa verið yfirfarnar af Umhverfisstofnun.

Frávikasaga fyrirtækisins og takmarkaðar úrbætur þrátt fyrir veittar áminningar og álagningu dagsekta hefur orðið til þess að Umhverfisstofnun hefur skoðað hvort ástæða sé til að grípa til annarra og meira íþyngjandi úrræða, svo sem takmörkunar starfsemi eða afturköllunar starfsleyfis. Umhverfisstofnun hefur þessar heimildir sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar segir að stöðvun á starfsemi skuli aðeins beitt ef um alvarlegri tilvik eða ítrekuð brot sé að ræða og ef aðilar sinni ekki úrbótum innan tiltekens frests. Í þessu samhengi hafði Umhverfisstofnun metið svo að 4 af 8 útistandandi frávikum, miðað við stöðuna þegar eftirlit fór fram, séu það alvarleg að þau réttlæti afturköllun starfsleyfis dragist úrbætur þeirra lengur en eðlilegt geti talist. Þetta mat fór fram áður en úrbótaáætlun barst þann 2. mars sl. og er einu þessara frávika nú mögulega lokið og önnur í frávegi. Þessi fjögur frávik eru:

- **Ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju, frávik frá gr. 2.4 í starfsleyfi.**
Sú áætlun sem barst frá rekstraraðila 2. mars sl. gerir ráð fyrir að bætt verði úr frávikinu með uppsetningu reykjalda. Gert er ráð fyrir að verkið takið 18 vikur. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og mun jafnframt stöðva álagningu dagsekta sem lagðar voru á með bréfi dags. 6. janúar 2016. Stöðvun dagsekta miðast við þá dagsetningu þegar sú úrbótaáætlun sem er samþykkt hérna barst, eða 2. mars 2016. Umhverfisstofnun ítrekar að áður hefur verið veittur langur úrbótafrestur til úrbóta á þessu fráviki án nokkurs raunverulegs árangurs. Standi

rekstraraðili ekki við þá áætlun sem lögð hefur verið fram þá mun Umhverfisstofnun áforma afturköllun starfsleyfis. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 10. ágúst 2016 til að ljúka úrbótum.

- **Hráefni sem ekki hentar til vinnslu er í haugum á lóð, frávik frá gr. 2.1 og 2.2 í starfsleyfi**

Í fyrirvaralausú eftirliti sem fram fór 15. maí 2015 var skráð frávik sem varðar að hráefni sem hentar ekki til vinnslunnar var staðsett á lóð rekstraraðila, sbr. eftirlitsskýrslu og bréf Umhverfisstofnunar dags. 10. júní sl. Veitt var áminning vegna fráviksins í bréfi dags. 24. september 2015. Umhverfisstofnun telur frávikinu alvarlegt og getur að hluta til hafa orsakað næsta frávik sem er hér til umfjöllunar, þ.e. díoxín/fúrön sem mældust í útblæstri, en mengunarvarnir verksmiðjunnar miðast við að hráefni til framleiðslunnar sé vandlega valið og sé laust við málningu, plast og annað sem væri tilefni til umfangsmeiri hreinsunarbúnaðar. Í greinargerð rekstraraðila, sem barst 2. mars sl. kemur fram að hráefnið sem frávikinu snýst um, hafi nú verið fjarlægð af lóð og sent úr landi. Skv. tölvupósti rekstraraðila frá 7. mars er hráefni nú eingöngu í efnisgeymslu innandyrna. Umhverfisstofnun mun gera úttekt á gerðum úrbótum.

- **Díoxín/fúrön (PCDD/PCDF) mældust yfir mörkum í útblástursmælingum sem fram fóru í október 2015, frávik frá gr. 2.6 í starfsleyfi**

Eins og áður hefur komið fram, þá lítur Umhverfisstofnun svo á, að tengsl séu á milli þessa fráviks og notkunar á óhentugu hráefni til vinnslunnar, sbr. *Áform um áminningu*, dags. 12. janúar sl. Í bréfinu fór Umhverfisstofnun fram á að reglubundnum útblástursmælingum, sem eru áætlaðar í apríl 2016, yrði flýtt. Þá var einnig tekið fram að Umhverfisstofnun telur ástæðu til að rekstraraðili skoði auknar mengunarvarnir, svo sem eftirbrennslu. Rekstraraðili varð ekki við beiðni um að flýta mælingum og var því áminnt vegna fráviksins, sbr. bréf dags. 2. febrúar sl. Mælingin hefur ekki farið fram en rekstraraðili hefur samþykkt að flýta mælingum, sbr. innkomna úrbótaáætlun frá 2. mars sl., og verður hún framkvæmd af Verkis dagana 30. og 31. mars nk.

- **Framleiðsluúrgangi er safnað upp á lóð rekstraraðila og hefur ekki verið fundinn viðeigandi farvegur, frávik frá gr. 2.14 í starfsleyfi**

Allur sá framleiðsluúrgangur sem orðið hefur til við framleiðslu rekstraraðila frá því að rekstur hófst var ennþá staðsettur á rekstrarsvæði þegar eftirlit fór fram 9. febrúar sl., nema einn gámur af síuryki sem var sendur til Noregs í janúar sl. Um er að ræða síuryk frá hreinsivirki, síupoka frá hreinsivirki, múrefni, gjall, rafskautaleifa og fóðringarefni (pyrostop og ankertun). Sumt af þessu flokkast sem almennur úrgangur en annað sem spilliefni. Í bréfi dags. 21. október sl. samþykkti Umhverfisstofnun áætlun rekstraraðila um að koma síuryki í útflutning til Noregs og öðrum úrgangi í löglegan farveg og veitti til þess frest til 20. janúar 2016. Áður hafði Umhverfisstofnun samþykkt að þegar uppsöfnuðum framleiðsluúrgangi, öðrum en spilliefnum, yrði fargað á urðunarstað fyrir almennan úrgang, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 19. nóvember 2014. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila áminningu vegna fráviksins 24. september 2015.

Í áætlun rekstraraðila, sem barst 2. mars sl. kemur fram að samið hafi verið við Sorpu um móttöku úrgangsins og við verktaka um flutning úrgangsins. Skv. áætlun áttu flutningarnir að hefjast 7. mars, og þeim á að ljúka fyrir komandi mánaðamót. Umhverfisstofnun óskaði eftir staðfestingu frá flutningsaðilanum á þessu samkomulagi, og barst það í tölvupósti 7. mars. Umhverfisstofnun samþykkir því þessa úrbótaáætlun og fer fram á að allur framleiðsluúrgangur á lóð, nema síuryk, verði fluttur til úrgangsmóttökuaðila fyrir 1. apríl 2016. Umhverfisstofnun mun gera úttekt á gerðum úrbótum. Varðandi síurykið, þá segir í áætlun rekstraraðila að einn gámur hafi verið fluttur til förgunaraðila erlendis og sá aðili eigi eftir að svara hvort hann taki við meira af efninu. Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili komi

síuryki í förgunarferli hið fyrsta, frávikinu telst ekki lokið fyrir en síurykinu hefur verið ráðstafað líka. Umhverfisstofnun óskar eftir áætlun um ráðstöfun síuryksins fyrir 14. apríl 2016.

Önnur frávik eru:

- **Öryggisblöð efna þarf að uppfæra, sbr. gr. 2.13 í starfsleyfi. Þau þurfa að vera á íslensku og staðfærð fyrir Íslands.**
Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þá er þetta í vinnslu hjá VSÓ ráðgjöf og verður tilbúið núna í vor. Í áætlun rekstraraðila, dags. 2. mars sl. er óskað eftir fresti til maí loka til að klára þetta. Umhverfisstofnun veitir GMR endurvinnslu frest til 31. maí 2016 til að ljúka við að uppfæra og staðfæra öryggisblöð efna.
- **Í eftirliti 13. október sl. var skráð sem frávik að samþykkt vöktunaráætlun, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi, liggi ekki fyrir, en gerð er krafa um að rekstraraðili taki þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga.** Þegar frávikinu var skráð hafði ekki verið bætt inn þeim vöktunarpáttum sem bætast við vegna starfsemi GMR Endurvinnslu, og var þá átt við díoxín-mælingar í jarðvegi. GMR Endurvinnsla hefur nú samið við Kratus ehf. um þátttöku í þeim díoxín-mælingum í jarðvegi sem Kratus hafði þegar áætlað. Mælingarnar verða gerðar í október 2016 skv. upplýsingum frá Kratusi ehf. og hefur Umhverfisstofnun staðfestingu á þessu upplýsingum þaðan. Umhverfisstofnun veitir GMR Endurvinnslu frest til 31. október 2016 til að framkvæma umræddar mælingar, og eðlilegt svigrúm til að skila niðurstöðum mælinganna.
- **Frávik frá grein 2.2 í starfsleyfi. Lóðin er ómalbikuð að stærstum hluta og ekki girt af. Í starfsleyfinu er kveðið á um að koma skuli í veg fyrir efnaleka í jarðveg. Jafnframt er kveðið á um að óviðkomandi skuli ekki hafa aðgang að hráefna- og vörugeymslum.** Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 29. febrúar 2016 til að ljúka við malbikun í bréfi dagsettu 2. febrúar, en tekið var sérstaklega fram að möguleiki væri að framlengja frestinn ef verkið drægist á langinn vegna veðurfars. Í áætlun rekstraraðila frá 2. mars sl. kemur fram að jarðvinnu sé nánast lokið og gera megi ráð fyrir að malbikun verði lokið fyrir 20. apríl 2016. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun. Umhverfisstofnun fer einnig fram á að rekstraraðili hugi að framkvæmdum til að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila að hráefna- og vörugeymslum, en ekki er minnst á það atriði í bréfi rekstraraðila. Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun varðandi takmörkun aðgangs fyrir 14. apríl 2016.
- **Í eftirliti 5. júní 2015 var skráð sem frávik að hávaði væri yfir starfsleyfismörkum sbr. gr. 2.14. en hann mældist 74dB(A) LAeq við lóðamörk. Í gr. 2.14 í starfsleyfi segir að hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skuli ekki fara yfir 70dB(A) LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A) LAeq í íbúðabyggð.** Í bréfi rekstraraðila dagsett 2. mars sl. kemur fram að rekstraraðili telji að þetta ákvæði starfsleyfisins sé uppfyllt þar sem langt er í næsta húsvegg. Þá kemur einnig fram að rekstraraðili ætli engu að síður að huga áfram að betrubótum. Umhverfisstofnun felst að sinni á þau rök rekstraraðila að túlka megi að umrætt ákvæði starfsleyfisins sé uppfyllt þar sem langt sé í næsta húsvegg og mun ekki fylgja frávikinu eftir frekar. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að huga áfram að hávaðamálum og hefur tækifæri til að fylgjast áfram með þróun í hávaðamálum þar sem starfsleyfið kveður á mælingu eða úttekt annað hvert ár, sbr. gr. 3.1.

Yfirlit yfir veitta fresti sbr. ofangreinda umfjöllun:


- **31. mars 2016:** Rykmælingar skula hafa verið framkvæmdar skv. og þar skal m.a. mæla díoxín/fúrön. Niðurstöður skulu sendar á ust@ust.is um leið og þær liggja fyrir.
- **1. apríl 2016:** Framleiðsluúrgangi af lóð skal vera komið í förgun fyrir þessa dagsetningu.
- **15. apríl 2016:** Áætlun um ráðstöfun síuryksins skal berast Umhverfisstofnun eigi síðar en þennan dag.
- **15. apríl 2016:** Áætlun um takmörkun aðgangs að lóð skal berast Umhverfisstofnun eigi síðar en þennan dag.
- **20. apríl 2016:** Malbikun verði lokið á lóð.
- **31. maí 2016:** Öryggisblöð skulu uppfærð og staðfærð fyrir þennan tíma.
- **31. október 2016:** Jarðvegsmælingar framkvæmdar í samvinnu við Kratus, sbr. vöktunarkröfur á fyrirtækin.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
teymisstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur